

Sjötti fundur

Árið 2007, mánudaginn 4. júní kl. 13:00 kom samstarfsnefnd um sameiningu Aðaldælahrepps, Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar saman til fundar í Kjarna.

Mætt: Ásvaldur Þormóðsson, Erlingur Teitsson, Böðvar Pétursson, Dagbjört Bjarnadóttir, Bjarni Höskuldsson og Hólmgeir Hermannsson, ásamt verkefnisstjóra Reinhard Reynissyni.

Formaður, Erlingur Teitsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Þetta gerðist helst.

- 1) Borist hafa viðbrögð frá einum íbúa frá síðasta fundi nefndarinnar þar sem sérstaklega er fjallað um skólamálin. Rætt um efnið og þakkar nefndin fyrir innleggið.
- 2) Farið yfir fyrstu drög að stöðuskýrslu, efni hennar rætt og ýmsar athugasemdir gerðar. Samþykkt að verkefnisstjóri vinni áfram að gerð hennar á þeim grunni sem lagður hefur verið.
- 3) Stefnt að næsti fundi föstudaginn 22. júní kl. 13:00 í Kjarna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:55